

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**761. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 1. október 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Leigusamningur við Flugleiðahótel ehf..
3. Bréf Vegagerðarinnar.
4. Erindi Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri.
5. Bréf húsnefndar í Nestúni..

### Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s framkvæmdir við Borðeyrarskóla, hitakerfi við sparkvöll á Borðeyri, sorpmál, viðhald gatna, skipulagsmál, vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, viðhald traktorsgröfu, Brúarhvammi ofl.
2. Lögð fram drög að leigusamningi við Flugleiðahótel ehf. um leigu hluta skólahússins á Laugarbakka til reksturs sumarhótelis árin 2013, 2014 og 2015. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
3. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 21.09.2012 um malarnámur í Húnaþingi vestra. Bréfinu vísað til tæknideildar.
4. Lagt fram bréf Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri dags. 19. september 2012, þar sem óskað er eftir niðurfellingu fasteignagjalda sbr. heimild í 7. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun. Byggðarráð hyggst ekki nýta heimild sveitarstjórnar til að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum, jafnframt samþykkir byggðarráð að Riishús flokkist undir b lið 5. gr. laga nr. 4/1995 og sé því undanþegið fasteignaskatti.
5. Lagt fram bréf húsnefndar í Nestúni, fyrirspurn um endurbætur á árinu 2013 í Nestúni 2-6. Erindið verður tekið til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar 2013.

Fundargerð upplestin

Fundi slitið kl: 14:55

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Böðvarsson

---

Elín R. Líndal.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson